

Iðnaðarnefnd Alþingis
Nefndarsvið/ Ágúst Geir Ágústsson

5.12.2002

Efni: Þingsályktunartillaga um neysluvatn

Vísað er í bréf Alþingis dagsett 14. nóv. 2002.

Samorka fagnar þingsályktunartillögunni. Það er framfaraskref að skilgreina vatn sem auðlind og skipuleggja hvernig haldið skuli utan um þessa mikilvægu auðlind.

Ísland er auðugt af vatni en það þarf ekki mikið til að menga vatn og eyðileggja um langa framtíð. Ofgnótt af vatni er þess valdandi að virðing fyrir auðlindinni er oft ábótavant. Tryggja þarf sjálfbæra nýtingu vatns og mikilvægt er að tryggja vernd núverandi vatnsbóla og vermdarsvæða fyrir framtíðarvatnsból.

Vatnsveitur heyra undir félagsmálaráðuneytið en rafveitur og hitaveitur heyra undir iðnaðarráðuneytið. Betra fyrirkomulag væri að allar veitur heyru undir iðnaðarráðuneytið eins og önnur fyrirtæki. Vatn sem nýtt er til orkuframleiðslu heyrir undir iðnaðarráðuneytið og hollusta og mengunarvarnir vatnsins heyra undir umhverfisráðuneytið. Lög frá árinu 1991 eru til um vatnsveitur sveitarfélaga en mikið er til af einkavatnsveitum sem þjóna matvælaframleiðslu þar sem einungis Vatnalögin frá árinu 1923 gilda um. Brýnt væri því að setja ný lög sem taka til allra vatnsveitna. Alls eru reknar um 70 – 80 sveitarfélagsvatnsveitur og einkavatnsveitur eru taldar vera nokkur hundruð (500 – 1000). Skráning á vatnsveitum og hvernig auðlindin er nýtt er mjög ábótavant.

Neysluvatn er skilgreint sem matvæli og vatnsveitur því sem matvælafyrirtæki (reglugerð um matvælaeftirlit nr. 522/1994). Samkvæmt þeirri reglugerð eiga vatnsveitur að hafa starfsleyfi og innra eftirlit til að tryggja gæðin. Hluti af innra eftirliti er að skipuleggja vermdun vatnsbóla. Tólf vatnsveitur sem þjóna um 70% landsmanna hafa komið upp innra eftirliti. Mikilvægt er að vinna að því að sem flestar vatnsveitur tryggi gæðin á þennan hátt.

Það væri til mikillar bóta að skipuleggja betur þá stjórnsýslu sem heldur utan um auðlindina vatn þannig að sjálfbær nýting og vermdun haldist í hendur.

Virðingarfyllt



María J. Gunnarsdóttir
deildarstjóri Samorku